



## Skipulagsskrá fyrir sjóð til að fjármagna kaup á útilistaverki á 75 ára afmæli Egilsstaða

### 1. grein

Sjóðurinn ber nafnið Sjóður til að fjármagna kaup á útilistaverki á 75 ára afmæli Egilsstaða.

### 2. grein

Stofnaðili sjóðsins er sveitarfélagið Fljótsdalshérað.

### 3. grein

Stofnfé sjóðsins, kr. 50.000.

### 4. grein

Tilgangur sjóðsins:

Að fjármagna kaup á útilistaverki á 75 ára afmæli Egilsstaða árið 2022.

### 5. grein

Fulltrúar atvinnu- og menningarnefndar skipa stjórn sjóðsins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og leggur tillögur um ráðstöfun hans vegna kaupa á útilistaverki árið 2022 fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu.

Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

Fjárvörsluaðili (prókúruhafi) sjóðsins er fjármálastjóri Fljótsdalshéraðs.

### 6. grein

Tekjur sjóðsins eru höfuðstóll hans samkvæmt 3. gr., vaxtatekjur af höfuðstól á starfstíma, framlög Fljótsdalshéraðs á starfstíma og önnur framlög eða styrkir.

Framlag Fljótsdalshéraðs til sjóðsins skal að meðtöldum höfuðstól vera að lágmarki kr. 5.000.000 árið 2022, uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs janúar 2017, þegar fjármunum sjóðsins verður ráðstafað.

Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins með hagkvæmum og öruggum hætti.

Árlegt uppgjör sjóðsins skal kynnt samhliða framlagningu ársreiknings Fljótsdalshéraðs.

## 7. grein

Miðað er við að sjóðurinn starfi til ársins 2022.

Sjóðnum verður formlega slitið á næsta stjórnarfundum eftir að fé sjóðsins er uppuríð og hefur verið notað að fullu samkvæmt tilgangi sjóðsins.

**Samþykkt í atvinnu- og menningarnefnd 23. janúar 2017.**

**Samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 1. febrúar 2017.**